



Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2016

**Efni: Athugasemdir Neytendasamtakanna vegna markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaðnum – frummattskýrsla.**

Neytendasamtókin fagna þeirri vinnu sem Samkeppniseftirlitið hefur farið í með gerð frummattskýrslunnar og telja margt fróðlegt koma þar fram sem gefi tilefni til frekari rannsókna á markaðnum. Nefna má nokkur atriði sem koma fram í ágripi um megin niðurstöður þessarar markaðsrannsóknar sem benda sérstaklega til þess að frakari rannsókna og aðgerða er þörf:


1. „Það er samandregið frummatt Samkeppniseftirlitsins að á eldsneytismarkaðnum sé að finna aðstæður og háttsemi sem raskar samkeppni almenningi til tjóns.”
2. Að það sé „frummatt Samkeppniseftirlitsins að dregið hafi úr samkeppni í sölu á bifreiðaeldsneyti á síðustu árum.“
3. Það „eru sterkar vísbendingar um að olíufélögin samhæfi hegðun sína með þegjandi samhæfingu.“ Í skýrslunni kemur m.a. fram að lækkun innkaupsverðs á eldsneyti skili sér ekki eins vel út í útsöluverð eins og verðhækkun og að á bifreiðaeldsneytismarkaðnum séu verðleiðtgar og að litlar sveiflur eru á markaðshlutdeild og álagningu í sölu bifreiðaeldsneytis.
4. Að olíufélögin (og tengd fyrirtæki) starfa á öllum stigum markaðarins og eru því öll lóðrétt samþött og að rannsóknir sýna að þau hafi hvata og getu til þess að útiloka nýja keppinauta með því að neita þeim um eldsneyti í heildsölu eða aðgangi að birgðarými.
5. Greiningar benda „til þess að verð á bifreiðaeldsneyti fylgi betur hækkan innkaupsverðs en lækkun.“
6. „Álagning á bifreiðaeldsneyti var óeðlilega há sem nemur allt að 18 krónum með virðissaukaskatti á hvern lítra bensíns og 20 krónum með virðissaukaskatti á hvern lítra dísilolíu á árinu 2012.“


7. Loks má nefna að fram kemur að „á árinu 2014 greiddu greiddu neytendur 4.000 – 4.500 milljónum króna of mikið fyrir bifreiðaeldsneyti í smásölu, með virðisaukaskatti, þ.e. samanborið við verð sem búast mætti við ef framangreindar aðstæður og háttsemi væru ekki fyrir hendi.”

Að mati Neytendasamtakanna gefa framangreindar upplýsingar skýrar vísbendingar um að á markaðnum ríki aðstæður og háttsemi sem hindri eðlilega virka samkeppni neytendum til tjóns. Því telja samtökin fulla ástæðu til að þessari vinnu verði framhaldið af Samkeppniseftirlitinu. Ástandið er þannig að ekki er hægt að búa við það óbreytt og því þurfí Samkeppniseftirlitið að grípa til úrbóta til að ryðja þessum samkeppnishindrunum úr vegin og fram kemur í ágripi af niðurstöðum.

Neytendasamtökin minna á að um er að ræða fákeppnismarkað sem er mjög mikilvægur fyrir neytendur, en samkvæmt frummatsskýrslunni virðast neytendur m.a. fá kerfisbundið lægri afslætti af eldsneyti en fyrtækni þrátt fyrir að kaupa svipað magn. Það vekur athygli að álagning á bifreiðaeldsneyti sé nú sambærileg eða jafnvel hærri en á samráðstímabilinu líkt og kemur fram í skýrslunni. Einnig benda samtökin á að verðlagning er í föstum skorðum milli fyrtækja á markaðnum og að sú litla samkeppni sem þar er felst í að afla viðskiptavina með tryggðarkortum / lyklum í stað virkrar verðsamkeppni.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Jóhannes Gunnarsson formaður

  
Ívar Halldórsson lögfræðingur